

Ár 2005, mánudaginn 29. ágúst, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn dómur í kærumálinu nr. 2/2005:

Handknattleiksdeild K.R.

gegn

Íþróttafélagi Reykjavíkur (ÍR) o.fl.

Málið dæmir Jóhannes Albert Sævarsson.

Mál þetta var höfðað með kæru sem dagsett er 22. ágúst 2005 og móttækin hjá skrifstofu HSÍ 23. ágúst s.á. Málið var þingfest og dómtekið þann 29. ágúst s.l. og var dómur kveðinn upp sama dag.

Frammi liggur dómskjal merkt nr. 1.

Dómkröfur kæranda:

Engar kröfur er hafðar uppi í kæru.

Málsástæður kæranda:

Kærandi heldur því fram að félagaskipti nánar tilgreindra sjö leikmanna úr Gróttu KR í tilgreind þrjú félagslið, ÍR, Stjörnuna og Fylki, sem HSÍ hafi samþykkt, hafi ekki verið heimil nema með samþykki Gróttu KR.

Niðurstaða dómsins:

Kæran er dagsett 22. ágúst 2005 og stimpluð um móttöku næsta dag á skrifstofu HSÍ. Í kærinni er þess getið að Gróttu KR hafi borist bréf frá HSÍ dags. 3. ágúst s.l. þar sem tilkynnt hafi verið um að sambandið hafi samþykkt umrædd félagaskipti. Þannig hefur kæran ekki borist innan 24 klst. kærufrestsins sem áskilinn er skv. 1. tl. 5. gr. reglugerðar um dómstól HSÍ. Þegar af þeirri ástæðu þykir verða að vísa máli þessu frá dómi.

Þar fyrir utan verður ekki litið svo á að KR eigi sjálfstæða aðild í kærumáli þessu heldur eigi Gróttu KR samaðild og verður aðeins kært í nafni sameiginlegs félags Gróttu KR, sbr. 3. gr. reglugerðar um dómstól HSÍ. Þá eiga kærðu ekki óskipta samaðild varnarmegin í þessu máli og verður það ekki kært í einu lagi gegn þeim.

Þá uppfyllir kæran ekki ákvæði reglugerðar um dómstól HSÍ um form og efni kæru sbr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Þykir málatilbúnaður kæranda í máli þessu vera svo ábótavant að vísa verður málinu þegar frá dómi án kröfu.

DÓMSORÐ:

Kæru Handknattleiksdeildar KR dagsettri 22. ágúst 2005 er vísað frá dómi.

Jóhannes Albert Sævarsson